

Ársskýrsla Fjölbrautaskóla Suðurnesja fyrir árið 2019

Í stefnuskjali skólans eru sett fram þau markmið og leiðir að þeim sem skólinn vill stefna að næstu misseri bæði hvað varðar kjarnastarfsemi og rekstrarþætti.

Í eftirfarandi umfjöllun má finna gögn sem eiga að geta veitt svar við hvernig það hefur gengið.

- *Markmið skólans er að bæta námsárangur og ástundun nemenda þannig að fleiri ljúki prófi á tilsettum tíma.*
- *Efla stuðning og aðhald með nemendum til að draga úr brotthvarfi úr námi.*
- *Nemendur af svæðinu hafi aðgang að fjölbreyttu bók- og starfsnámi sem uppfyllir kröfur næsta skólastiga og/eða atvinnulífs.*
- *Auka stoðþjónustu og efla mannauð.*

1. Nemendur

Nemendur á vorönn 2019 voru 812 í dagskóla. Að auki tóku 154 grunnskólanemendur áfanga í vali, ýmist einn áfanga eða fleiri á einu ári eða önn og síðan var einn nemandi í fjarnámi í netagerð en viðkomandi var að ljúka námi sem hann hafði þegar hafið.

Það eru venjulega færri nemendur á vorönn en haustönn. Nemendur voru 928 í dagskóla á haustönn, enginn fjarnámsnemandi en 106 grunnskólanemar eða samtals 1034. Samkomulag var gert við Fisktækniskólann um að taka að sér að sjá um nám í netagerð en þeir nemendur sem höfðu hafið námið en ekki lokið því gátu gert það í FS.

Allir nýnemar sem sóttu um skólavist fengu inni en nýnemar voru heldur fleiri en árið áður eða 235.

Ástæðan er mismikill fjöldi í árgangi milli ára eins og sjá má í töflunni hér að neðan. Það sem vakti athygli var kynjaskiptingin meðal nýnema en tæp 56% voru drengir en stúlkurnar voru 44%.

Kynjahlutfallið í skólanum er að 59% nemenda eru drengir en 41% eru stúlkur.

Hafa ber í huga að mikil fjölgun var á svæðinu umfram það sem spáð hafði verið fyrir tveimur árum en þá var gert ráð fyrir fækkun á næstu árum í hverjum árgangi. Fjöldi í næstu árgöngum samkvæmt tölum frá grunnskólunum á svæðinu frá áramótum má sjá á meðfylgjandi töflu.

1. bekkur 2013	2. bekkur 2012	3. bekkur 2011	4. bekkur 2010	5. bekkur 2009	6. bekkur 2008	7. bekkur 2007	8. bekkur 2006	9. bekkur 2005	10. bekkur 2004
345	347	416	390	394	379	374	338	339	344

Fjöldatölur á hvorri önn má sjá á eftirfarandi töflu

	vor 2019	haust 2019
Dagskólanemendur	812	928
Fjarnámsnemendur	1	0
Grunnskólanemendur	154	106
Alls	<u>967</u>	<u>1034</u>

Drengir voru fjölmennari en stúlkur í heildina eins og áður er nefnt en aðsókn á einstaka brautir var ólík eftir kyni eins og jafnan áður. Athygli vekur að nemendum á framhaldsskólabrautum hefur fjölgað mikið en þær koma í stað almennra brauta. Athyglisvert er að 48% nýnema sem innrituðust á haustönn fóru á framhaldsskólabraut þar sem þeir uppfylltu ekki inntökuskilyrði á aðrar brautir. Rétt um þriðjungur nemenda var á stúdentsbrautum og stúlkur í miklum meirihluta þar, síðan komu starfsnáms- og verknámsbrautir með um 15% hlutfall en strákar voru þar í miklum meirihluta. Skipting nýnema á brautir má sjá í töflunni hér að neðan.

Skipting nýnema á brautir

Haut 2019	Strákar	Stúlkur	Alls	Strákar	Stúlkur	Alls
Framhaldsskólabraut	62	51	113	47,33%	49,04%	48,09%
Stúdentsbrautir	27	42	69	20,61%	40,38%	29,36%
Verk- og starfsnámsbrautir	29	6	35	22,14%	5,77%	14,89%
Starfsbraut	13	5	18	9,92%	4,81%	7,66%
Alls	131	104	235	55,74%	44,26%	

Til samanburðar er hér að neðan tafla sem sýnir dreifingu allra nemenda skólans á brautir.

Námsbrautir	Haut 2019			Hlutfall		
	KK	KVK	Alls	%KK	%KVK	Alls
Framhaldsskólabraut	179	101	280	33%	26%	30%
Starfsbraut	55	14	69	10%	4%	7%
Starfsnám	11	16	27	2%	4%	3%
Stúdent-bók	136	208	344	25%	54%	37%
Stúdent-starfsnám	48	25	73	9%	7%	8%
Verknám	117	18	135	21%	5%	15%
	546	382	928	59%	41%	

Rétt er að geta þess að skólinn hefur fjölgað stúdentsbrautum um þrjár með því að breyta þremur þriggja ára starfsnámsbrautum í stúdentsbrautir. Þetta skýrir að hluta fækkunina sem kemur fram á starfsnámsbrautum. Annað sem vekur athygli í þessum tölum er kynjaskiptingin. Stúlkur sækja í bóklegt stúdentsnám mun frekar en strákar en þeir sækja mun meira í verknám.

Færri nemendur úr grunnskóla sóttu nám í skólanum síðastliðið haust en áður en hlutfall stúlkna er hærra eins og jafnan áður eða 58% nemenda en strákarnir eru 42%. Þetta hlutfall jafnaðist aðeins þegar farið var að bjóða nemendum 9. bekkja að skrá sig í val í verklegum áföngum og forritun.

Taflan sýnir dreifingu grunnskólanemenda á einstaka áfanga á haustönn 2019 eftir kyni. Þar sést að stúlkur sækja í bóklega áfanga og textíl og hár umfram strákana en þeir sækja meira í verklega áfanga og forritun. Því má segja að valið sé dálítið kynbundið.

	KK	KVK
ENSK2KO05	36%	64%
FORR2LE05	81%	19%
HÚSA1KY05	85%	15%
RAFG1KY05	77%	23%
SPÆN1SO05	18%	82%
STÆR2AH05	30%	70%
TXHÁ1FH05	5%	95%

Flestir nemendur koma af Suðurnesjum eða 96% og flestir úr Reykjanesbæ eða rétt um 68%. Á meðfylgjandi töflu má sjá hvaðan nemendur skólans eru að koma.

Staður	KK	KVK	Fj. nem
Grindavík	12%	11%	12%
Reykjanesbær	68%	69%	68%
Suðurnesjabær	15%	12%	14%
Utan	2%	7%	4%
Vogar	3%	1%	2%
	100%	100%	100%

Eftirfarandi tafla sýnir aldursdreifingu nemenda, yfir nokkur ár, á þessum tveimur önnum sem hlutfall, skipt eftir kyni fyrir báðar annir.

Aldur	vor 2019			Haust 2019			Heild KK	Heild KVK	% KK	% KVK	Heild
	KK	KVK	Alls	KK	KVK	Alls					
yngri	1	1	2		1	1	1	2	2,80%	6,30%	4,40%
16 ára	3	3	6	7	5	12	10	8	27,80%	25,00%	26,50%
17 ára	5	6	11	5	3	8	10	9	27,80%	28,10%	27,90%
18 ára	6	7	13	1	1	2	7	8	19,40%	25,00%	22,10%
19 ára	1	1	2	3	1	4	4	2	11,10%	6,30%	8,80%
20 ára	2	0	2	1		1	3	0	8,30%	0,00%	4,40%
Eldri	1	2	3		2	2	1	4	2,80%	12,50%	7,40%
	19	20	39	17	12	29	36	32	52,90%	47,10%	100,00%

Þeir nemendur sem eru yngri en 16 ára eru þeir sem eru á undan en þeir eru ekki margir.

Álíka hlutfall er í þrem yngstu aldursflokkunum sem er eðlilegt en síðan dregur úr því eftir að nemendur eru orðnir 19 ára. Þar veldur líklega mikil breidd í nemendahópnum þar sem ekki eru allir að ljúka námi á sama tíma eins og verknám og starfsbraut, fyrir utan þá sem ekki ráða við að ljúka stúdentsnámi á þremur árum. Það er einnig forvitnilegt að skoða muninn milli kynja og ástæðunni fyrir honum. eru stúlkur duglegri við að ljúka námi á tilsettum tíma og þær sem ekki ljúka snúi síðan aftur í nám þegar þær eru orðnar eldri, eru þær þá að sækja í starfsnám? eru strákarnir lengur að ljúka námi eða er þeirra nám lengra t.d. það verklega? Þetta og margt fleira er hægt að velta fyrir sér.

Í skólanum eru um 100 nemendur af erlendum uppruna en erfitt er að greina það nákvæmlega þar sem ekki er nein slík merking í skólakerfinu. Þetta er því um 11% af heildarnemendafjöldanum og eru Pólverjar langfjölmennastir. Þeim hefur fjölgað mikið á síðustu árum en þá er rétt að hafa í huga að hlutfall erlendra íbúa er hvergi hærra en á Suðurnesjum eða um 25%. Nemendur skólans eru af a.m.k. 18 mismunandi þjóðernum og móðurmál þeirra ólík að sama skapi.

2. Nám, námsframboð

Námsframboðið er fjölbreytt og má sjá það á heimasíðu skólans www.fss.is/index.php/namid/brautir.

Skólinn leggur metnað sinn í að þjóna öllum nemendum af svæðinu og bjóða uppá fjölbreytt nám þannig að allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Búið er að setja upp sjö stúdentsbrautir í námskrárgrunninum og þær hafa hlotið samþykki ráðuneytisins. Á árinu var unnið að því að setja upp þrjár aðrar brautir til viðbótar þeim þremur sem fyrir voru og síðan eina til sem er viðbótarnám eða tæknistúdent. Þrjár voru búnar til úr þriggja ára starfsnámsbrautum tengdar tölvufræðibraut, listnámsbraut og íþróttabraut eins og áður er vikið að. Þær eru 200 einingar eins og hinar og eru skipulagðar þannig að nemendur eiga að geta lokið þeim á þremur árum.

Framhaldsskólabrautirnar eru 11 auk þess eru tvær starfsbrautir og síðan eru starfs- og verknámsbrautir sjö talsins.

Markmiðið með framhaldsskólabrautunum er að búa til farveg fyrir þá nemendur sem eru óráðnir eða ráða ekki við hefðbundið bóknám en stefna í ákveðin störf á almennum vinnumarkaði.

Starfsbrautinni var skipt upp og búin var til framhaldsskólabraut-starfsbraut. Með því er verið að skilja þá nemendur aðeins frá þeim nemendum sem þurfa meiri aðstoð við athafnir daglegs lífs. Í kerfinu hefur sú braut verið nefnd stoðbraut vegna tregðu kerfisins við að taka upp heitið framhaldsskólabraut starfsbrautarlína.

Nokkur verkefni voru í gangi á vorönn sem voru styrkt. Smá styrkur fékkst frá ráðuneytinu til að sporna gegn brotthvarfi. Ráðinn var verkefnastjóri í 25% starf til að halda utan um fjarvistir nemenda á haustönn og veita þeim aðhald sem þurfa. Samningur sem gerður var við fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar varðandi þjónustu sálfræðinga var endurnýjaður og stefna skólans er að halda þeirri þjónustu áfram. Þetta verkefni hefur gengið vel og er vissulega þörf fyrir það.

Eitt Evrópuverkefni var áfram í gangi en það er nemendaskiptaverkefni sem hlaut menntastyrk úr sjóði Erasmus+. Verkefninu er stýrt frá Ungverjalandi en aðrir samstarfsaðilar eru frá Litháen, Póllandi, Sikiley og Spáni. Verkefnið heitir National Prides in an European Context og gengur út á að kynna fyrir nemendum menningararfleið ólíkra landa í Evrópu með það að markmiði að auka víðsýni, þekkingu og læsi á umhverfinu innan og utan landssteinanna. Verkefnið hefur gengið vel og fengum við heimsókn hinna þátttökulandanna á haustönninni. Nemendum Fjölbrautaskóla Suðurnesja hefur gefist kostur á að fara í námsferðir til samstarfslandanna og var það bæði lærdómsríkt og ánægjulegt fyrir nemendur.

Á haustönn var farið í annað verkefni á vegum Erasmus+ sem gekk út á skólaheimsókn stjórnenda og kennara. Farið var í skóla í Ungverjalandi og var sú ferð lærdómsrík og gott að fá tækifæri til að kynnast skipulagi og kennslu í öðru landi.

Áfram var haldið með þróunarverkefni um stoðkerfi við starfsþróun í skóla. Þetta verkefni er samstarfsverkefni ríkis, sveitarfélaga og kennarasamtakanna og nær til allra skólastiga. Verkefnið felst í að skilgreina og útfæra stoðkerfi fyrir kennara. Mikilvægur liður í því er að prófa til reynslu þróunarverkefni í skólum um stoðkerfi við starfsþróun sem nýtist við að móta skipulag sem geti verið fyrirmynd að stuðningi við kennara og við innleiðingu á lærdómssamfélagi í skólastarfi og menntun án aðgreiningar.

Matsnefnd skólans sér um innri úttektir á skólastarfinu og áætlun hennar má sjá á heimasíðunni <http://www.fss.is/index.php/skolinn/um-skolann/mat-a-skolastarfi>. Niðurstöður matsins og úrbótaáætlun má sjá í sjálfsmatskýrslu sem má nálgast á heimasíðunni og einnig er hún birt í skólaskýrslunni <http://www.fss.is/index.php/skolinn/um-skolann/skyrslur-og-samningar>. Í skólaskýrslunni má einnig lesa um annað sem unnið var að á liðnu ári.

Í innra mati skólans hafa alltaf verið sett markmið varðandi þætti sem eru taldir skipta máli fyrir gott skólastarf en þetta eru hvatning, hrós og líðan nemenda. Þetta eru atriði sem stjórnendur vilja fylgjast með og gera það í gegnum kennslumatið. Niðurstöður fimm síðustu anna má sjá í töflunni hér að neðan. Markmið ofantalinna viðmiðunarpátta náðust öll fyrir 2019. Þar er ánægjulegt að sjá að líðan nemenda var góð að þeirra sögn á síðasta ári og allir þættir yfir viðmiðunarmörkum.

	Haust 2017	Vor 2018	Haust 2018	Vor 2019	Haust 2019	Viðmið
Kennslumat almennt	4,24	4,35	4,45	4,34	4,36	4,0
Hvatning	4,12	4,18	4,35	4,26	4,22	3,8
Hrós	4,16	4,28	4,34	4,29	4,29	3,8
Líðan	4,24	4,37	4,52	4,38	4,35	4,25
Brotthvarf	9,20%	8,8%	9,80%	6,9%	8,2%	10%
Hættu á önninni	60 (6,2%)	56 (6,8%)	55 (6%)	39 (4,8%)	30 (3,2%)	

Brotthvarf

Brotthvarfið er lægra á vorönninni en það hefur verið sem ef til vill er vegna ákveðinna aðgerða til að draga úr því. Það eykst um eitt koma þrjú prósentustig milli vor- og haustannar sem er ekki gott en hafa verður í huga að brotthvarf er jafnan meira á haustönn en vorönn. Fjöldi þeirra sem hverfur alveg frá námi hefur haldist nokkuð svipaður en hefur farið minnkandi og aldrei verið lægri en á síðustu haustönn eins og sjá má í töflunni. Vonandi er þetta til marks um að þær aðgerðir sem skólinn hefur ráðist í hafi skilað sér.

Taflan hér að neðan sýnir aldur þeirra nemenda sem eru að hætta í námi á önninni og skipt eftir kynjum. Þarna má sjá að meirihluti þeirra sem hætta eru 17 ára og yngri. Lítið eitt fleiri strákar en stúlkur eru að hætta og flestir á 17 ára aldrinum.

	Vor 2019		Haust 2019		Samtals		Hlutfall		Heild
	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	
yngri	1	1		1	1	2	2,8%	6,1%	4,3%
16	3	3	7	5	10	8	27,8%	24,2%	26,1%
17	5	6	5	3	10	9	27,8%	27,3%	27,5%
18	6	7	1	1	7	8	19,4%	24,2%	21,7%
19	1	1	3	1	4	2	11,1%	6,1%	8,7%
eldri	3	2	1	2	4	4	11,1%	12,1%	11,6%
					36	33	52,2%	47,8%	

Hluti brotthvarfsins stafar af kvíða og andlegum erfiðleikum. Sálfræðipjónustunni er ætlað að mæta því og hefur gert það. Hlutfall nýnema sem hverfur frá námi strax á fyrsta ári hefur farið lækkandi sem er ánægjulegt og var 5,2% samkvæmt gögnum sem ráðuneytið sendi frá sér fyrir skólaárið 2018-2019.

Þó má hafa í huga að brotthvarf á haustönn er alla jafnan meira en á vorönn. Þarna vantar inni tölur fyrir þá nemendur sem hætta eftir önnina og koma ekki á næstu önn tilfærslubrotthvarf sem mælist 7,5% samkvæmt greiningu ráðuneytisins.

Námsráðgjöf og utanumhald hefur verið aukið með þeim hópi sem er hvað lakastur og í mestri brotthvarfshættu en það eru nemendur á framhaldsskólabrautum, í fornámi, og á starfsbraut. Námsleiðum hefur fjölgað, námsráðgjöf verið augin og kennsluháttum breytt. Áfram var boðið uppá áfangann NEMÓ, sem var kenndur tvisvar í viku og allir nemendur á framhaldsskólabrautum tóku. Tilgangur þessa áfanga er að upplýsa nýnema um skólann og þá aðstoð sem þeim býðst innan hans. Einnig að vera með markvissa fræðslu og að byggja upp sjálfstraust meðal nemenda og aðstoða við námið. Þetta hefur gangið vel og skilað góðum árangri.

Lykilatriðið varðandi brotthvarf virðist felast í jákvæðum og góðum samskiptum nemenda og kennara. Stjórnendur skólans eru staðráðnir í að halda áfram að leita leiða til að draga úr þessu brotthvarfi og auka um leið fjölda útskrifaðra. Árangurinn næst ekki í einu vettvangi og því er of snemmt að afskrifa þetta strax.

3. Útskrift

Alls var 161 nemandi útskrifaður frá skólanum árið 2019, 93 karlar og 68 konur. Auk þess voru nemendur á almennri braut og framhaldsskólabraut útskrifaðir óformlega við lok hvorrar annar. Skipting útskrifaðra á annir var eins og taflan sýnir. Hafa ber í huga að einhverjir útskrifuðust af fleiri en einni braut en eru bara taldir á þeirri braut sem var lengri. Það vekur athygli að karlar eru fleiri en konur þetta árið og munar þar mest um útskrift karla af verknámsbrautum sérstaklega vélstjórnarbraut A. Þetta útskriftarhlutfall er meira í takti við það sem er í skólanum almennt. Stúlkurnar eru að ljúka prófi af stúdentsbrautum en strákarinnir að klára verknámsbrautir.

Fjöldi nemenda sem lauk prófi á hvorri önn.

Braut	Vor 19			Haust 19			Fjöldi sem lauk prófi á árinu 2019					
	Fj. nem	KVK	KK	Fj. Nem	KVK	KK	Alls	KVK	KK	% Heild	% KVK	% KK
Félagsvísindabraut	5	2	3	3	3		8	5	3	5,10%	7,40%	3,20%
Fjölgreinabraut	45	23	22	28	16	12	73	39	34	46,50%	57,40%	36,60%
Húsasmíðabraut	6		6	3	1	2	9	1	8	5,70%	1,50%	8,60%
Íþróttá- og lýðheilsibraut	1		1	1		1	2	0	2	1,30%	0,00%	2,20%
Listnámsbraut- myndlistarl	5	5		2	1	1	7	6	1	4,50%	8,80%	1,10%
Listnámsbraut -textíl- og hön				2	1	1	2	1	1	1,30%	1,50%	1,10%
Raunvísindabraut	7	5	2	5	3	2	12	8	4	7,60%	11,80%	4,30%
Rafvirkjun	3		3	6		6	9	0	9	5,70%	0,00%	9,70%
Sjúkraliðabraut	1	1					1	1	0	0,60%	1,50%	0,00%
Starfsbraut	7	2	5	1	1		8	3	5	5,10%	4,40%	5,40%
Tölvufræðibraut	2		2	1		1	3	0	3	1,90%	0,00%	3,20%
Tölvuþjónustubraut	1		1				1	0	1	0,60%	0,00%	1,10%
Vélstjórnarbraut A	11		11				11	0	11	7,00%	0,00%	11,80%
Vélstjórnarbraut B	2		2	4	1	3	6	1	5	3,80%	1,50%	5,40%
Viðbótarnám til stúdentspr.	2	1	1	4	1	3	6	2	4	3,80%	2,90%	4,30%
Meistarapróf	1		1				1	0	1	0,60%	0,00%	1,10%
Málabraut 1999				1	1		1	1	0	0,60%	1,50%	0,00%
Netagerðarbraut				1		1	1	0	1	0,60%	0,00%	1,10%
	99	39	60	62	29	33	161	68	93		42,20%	57,80%

Ef þetta er tekið saman í þrjá brautaflokka þá kemur í ljós að nánast allar stelpurnar sem eru að útskrifast eru að ljúka stúdentsnámi en hlutfall drengja af útskriftarhópnum er dreifðara næstum 40 prósent þeirra er að ljúka prófi af starf- og verknámsbrautum. Útskriftarhópurinn er því nokkuð kynjaskiptur hvað brautir varðar. Rétt er að hafa í huga að fjölmargir útskrifast af framhaldsskólabrautum en eru ekki inni í þessum tölum.

Útskrifaðir alls 2019

	Alls	KVK	KK	%KVK	% KK	Hlutfall - Heild
Stúdentsbrautir	114	62	52	91,2%	55,9%	70,81%
Starfs- og verknámsbrautir	39	3	36	4,4%	38,7%	24,22%
Starfsbrautir	8	3	5	4,4%	5,4%	4,97%
	161	68	93			

4. Starfsmenn

Starfsmenn skólans voru 99 á vorönn, 78 kennarar, stjórnendur og ráðgjafar, 6 stundakennarar og 15 aðrir starfsmenn. Starfsmenn á haustönn voru 97, 71 kennari, stjórnendur og ráðgjafar, 8 stundakennarar en aðrir starfsmenn voru 18. Ræsting er samkvæmt útboði.

Kynjahlutfallið var mjög svipað innan kennarahópsins. Hlutfall kvenna meðal annars starfsfólks var hærra en karlar voru fleiri í hópi stundakennara.

Skipurit skólans er á vefnum og þar má fá innsýn í stjórnkerfi hans <http://www.fss.is/index.php/skolinn/um-skolann/skipurrit>.

Eftirfarandi tafla gefur smá sýn á nokkra þætti mannauðs miðað við haustönn 2019.

Haustönn 2019

Meðalaldur kennara	49,14 ár
Meðalaldur allra starfsmanna	50,26 ár
Meðalstarfsaldur í kennslu í FS	12,2 ár
Meðalstarfsaldur í kennslu í heild	16,02 ár
Viðbótarorlof samtals	1558 klst.
Aldursafsláttur samtals	2466 klst.
Heildarkennslumagn á önn	51463,84 klst.
Heildarkennslumagn á viku	2859 klst.
Skerðing vegna endurtekningar áfanga	1043,67 klst.
Aukaverkefni skv. C-hluta	2881 klst.

5. Fjármál og rekstur

Það er stefna skólans að halda sér innan ramma fjárlaga og það hefur gengið eftir til þessa. Niðurskurður undangenginna ára hefur bitnað á búnaðarkaupum og endurnýjun búnaðar því nokkuð setið á hakanum. Afgangur af fjárveitingum hefur verið nýttur í endurnýjun. Undir lok haustannar þá fékkst loksins afgangur síðasta árs yfirfærður og uppgjör starfsbrautar var leiðrétt. Þá opnaðist leið til að uppfæra búnað sem lengi hafði verið beðið með að kaupa og var það mjög kærkomið. Meðal þess sem keypt var voru járnklippur, rennibekkur, loftpressa, gagnvirkir skjáir, tölvur og tölvubúnaður, símkerfi endurnýjað, ný heimasíða fyrir skólann og sitthvað fleira. Það er slæmt þegar uppgjör og uppbætur koma í lok árs að þá er verið að hlaupa til og kaupa það sem lengi hefur staðið til að kaupa

en ekki verið innistæða fyrir. Uppá rekstur að gera er mikilvægt að vita á hverjum tímapunkti úr hve miklu er að spila.

Rekstraryfirlit er í viðhengi aftast.

6. Samstarf við aðra

Fjölbrautaskóli Suðurnesja hefur í gegnum tíðina átt gott samstarf við Fjölbrautaskóla Suðurlands og Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi og er þetta samstarf fjölbreytt og snertir alla þætti skólafarsins. Stjórnendur þessara skóla funda reglulega. Einnig er samstarf starfsnámskóla á landinu gott og stjórnendur þeirra funda hálf mánaðarlega þar sem farið er yfir þau mál sem snerta iðn- og verknám sérstaklega. Afrakstur þess samstarfs er meðal annars sú kynning sem verið hefur á iðnnámi og útgáfa 2020 blaðsins sem búið er að gefa út þrjú undanfarin ár og dreifa til nemenda í efstu bekkjum grunnskóla.

Gott samstarf er við Flensborgarskóla, Fjölbrautaskólann í Garðabæ og MR og stjórnendur þessara skóla hafa hist reglulega. Á haustönn 2019 voru lögð drög að því að skólarnir þrír FG, FS og Flensborg réðu kennslustjóra saman til reynslu og auglýst var eftir slíkum einstaklingi. Það var síðan gengið frá ráðningunni um áramótin.

Fjölbrautaskóli Suðurnesja á gott samstarf við grunnskólana á svæðinu og funduðu stjórnendur skólans með stjórnendum allra grunnskólanna þar sem farið var yfir niðurstöðu fyrstu prófa í ensku, dönsku, íslensku og stærðfræði, skipt eftir skólum, eins og áður hefur verið gert. Kynningafundur var haldinn þar sem námsframboð skólans var kynnt fyrir námsráðgjöfum og kennurum efstu bekkja grunnskólans. Rætt hefur verið við grunnskólana um frekara samstarf sem miðar að því að auka fljótandi skil milli þessara tveggja skólastiga.

Samstarf hefur einnig verið við Fjölsmiðjuna á Suðurnesjum um að taka nemendur frá þeim í einn til tvo áfanga á önn, eftir því sem hægt er og hefur það gefist vel.

7. Annað

Það er margt sem gerist á heilu ári í starfsemi skóla og ekki ástæða til að rekja það allt hér, nægir að benda á skólaskýrsluna sem er gefin út í lok hvers skólaárs og er aðgengileg á heimasíðunni, <http://www.fss.is/index.php/skolinn/um-skolann/skyrslur-og-samningar>.

Á haustönninni var ný stjórn foreldrafélags skólans kjörin. Foreldrafélagið hefur stutt vel við bakið á nemendum.

Aftur var boðið uppá verkleg námskeið í samstarfi við vinnuskóla Reykjanesbæjar og Suðurnesjabyggðar. Sett voru upp námskeið í fimm verklegum fögum eins og á síðasta ári og nemendum vinnuskólans (sem voru úr 9. bekkjum grunnskóla) gafst þannig kostur á að kynnst vinnu á verkstæðum skólans í fjórum af þessum fimm greinum. Þetta gekk mjög vel og vonandi er hægt að hafa framhald á þessu. Það voru fyrirtæki á svæðinu sem komu til móts við þetta verkefni og styrktu það.

Kynningarfundur var haldinn síðastliðið vor eins og áður með nemendum tíunda bekkja og foreldrum hér í skólanum í tengslum við forinnritun. Skólinn var opinn frá kl. 17:00 til 18:30. Kennarar, stjórnendur og námsráðgjafar kynntu námið og svöruðu spurningum gesta. Nemendafélagið kynnti sína starfsemi

og þá gafst gestum tækifæri til að ganga um skólann og skoða aðstöðuna enda mikilvægt að íbúar svæðisins þekki skólann, námsframboðið og aðstöðuna sem í boði er.

Skólinn er aðili að og á fulltrúa í vinnuhópi um heilsueflandi samfélag í Reykjanesbæ en skólinn er þátttakandi í verkefninu *Heilsueflandi framhaldsskóli*

Rekstraryfirlit v/ársskýrslu FS

	2019	2018	2017	2016	2015
Heiti	Rauntölur	Rauntölur	Rauntölur	Rauntölur	Rauntölur
Dagvinna	613.046.098	604.608.053	588.907.435	553.337.682	500.605.189
Aukagreiðslur	23.242.925	5.816.860	12.242.116	4.929.578	8.011.856
Yfirvinna	218.756.196	224.481.590	216.232.399	196.055.741	161.080.376
Launatengd gjöld	196.724.599	193.653.278	188.828.172	176.805.344	160.469.173
Orlofsskuldbinding	-3.370.938	19.660.824	0	0	0
	1.048.398.880	1.048.220.605	1.006.210.122	931.128.345	830.166.594
Fundur, námskeið og risna	8.125.030	6.080.937	2.029.385	2.854.608	2.117.431
Ferða og dvalarkostnaður innanlands	171.212	540.412	432.535	152.850	137.600
Ferða og dvalarkostnaður erlendis	1.820.636	1.355.039	788.710	363.374	971.330
Akstur	3.010.998	2.973.530	3.217.542	3.190.638	2.983.452
	13.127.876	10.949.918	6.468.172	6.561.470	6.209.813
Tímarit, blöð og bækur	1.051.338	1.137.664	990.392	1.151.633	770.794
Skrifstofuvörur og áhöld	6.342.821	6.662.769	7.762.554	8.744.365	6.825.825
Aðrar vörur	36.830.878	35.608.326	33.779.124	28.927.055	26.590.266
	44.225.037	43.408.759	42.532.070	38.823.053	34.186.885
Önnur sérfræðiþjónusta	15.899.967	15.067.734	15.750.446	11.487.855	9.063.284
Tölvu- og kerfisfræðiþjónusta	4.759.875	3.485.685	2.735.482	2.700.814	2.437.753
Prentun,póstur, augl., flutningar	2.214.428	2.018.194	2.564.591	2.567.201	1.757.605
Sími og ýmis leigugjöld	4.195.631	3.183.513	3.229.769	3.051.236	3.879.730
	27.069.901	23.755.126	24.280.288	19.807.106	17.138.372
Verkkaup og byggingavörur	1.682.406	3.549.134	7.473.714	1.211.114	841.361
Rafmagn og heitt vatn	15.247.087	15.574.867	14.720.725	12.780.884	15.448.760
Húsaleiga og aðk. ræsting	244.098.790	117.910.460	113.212.996	107.585.632	102.992.748
	261.028.283	137.034.461	135.407.435	121.577.630	119.282.869
Brennsluefni og olíur	152.250	46.376	54.184	117.026	83.468
Verkstæði og varahlutir	339.869	309.554	125.822	0	158.504
	492.119	355.930	180.006	117026	241.972
Vextir, bætur, skattar	293.705	142.257	164.825	281.157	362.019
Afskriftir eigna	16.227.592	16.403.302			
Eignakaup	0	0	18.020.610	12.216.675	23.315.697
Tilfærslur	98.500	202.502	273.140	270.000	574.600
	16.619.797	16.748.061	18.458.575	12.767.832	24.252.316
Samtals gjöld	1.410.961.893	1.280.472.860	1.233.536.668	1.130.782.462	1.031.478.821
Sértekjur	-65.987.423	-78.600.569	-71.930.216	-38.914.173	-27.259.805
	-65.987.423	-78.600.569	-71.930.216	-38.914.173	-27.259.805
Aðrar rekstrartekjur	-11.148.000	-11.544.000	-12.057.000	-13.913.000	-12.687.000
	-11.148.000	-11.544.000	-12.057.000	-13.913.000	-12.687.000
Framlag ríkissjóðs	-	-	-	-	-
	1.344.706.088	1.208.913.470	1.188.280.600	1.091.450.523	1.007.627.220
Framlag til afskrifta	-16.227.592	-16.296.509	0	0	0
	-	-	-	-	-
Samtals tekjur	1.360.933.680	1.225.209.979	1.188.280.600	1.091.450.523	1.007.627.220
	-	-	-	-	-
Gjöld ekki tiltekin	0	0	25.285.784	0	0
			25.285.784	0	0
			-38.731.148	0	0
	-27.107.210	-34.881.688	-13.445.364	-13.495.234	-16.095.204